



Framkvæmda- fréttir 23. tbl. /05



Auglýsingar útboða

Fyrirhuguð brú yfir Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi.
Tölvumynd: Línuhönnun hf.

Vestfjarðavegur (60) um Laxá og Naðurdalsá 05-062

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurlögn Vestfjarðavegar á u.þ.b. 1 km kafla, um Laxá og Naðurdalsá í Króksfirði, ásamt lagfæringum tveggja heimreiða. Auk þess skal víkka út skeringu á u.þ.b. 140 m kafla og lækka vetrarveg á u.þ.b. 80 m kafla.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar og fláafleygar	19.000 m ³
Skeringar við Bæjará	4.000 m ³
Neðra burðarlag	3.800 m ³

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. september 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 20. september 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Djúpvegur (61) Fyrsti hluti síðasta áfanga

Í þessu blaði eru birtar niðurstöður útboðs á endurbyggingu hluta Vatnsfjarðarveggar (633) sem verður síðar hluti Djúpveggar (61). Þetta er fyrsta útboðið í síðasta áfanga uppbyggingar Djúpveggar sem felur m.a. í sér þverun Mjóafjarðar.

Efni þessarar umfjöllunar er að mestu fengin úr mati á umhverfisáhrifum sem gert var 2003.

Samkvæmt vegahluta samgönguáætlunar eru fjárveitingar til verksins:

2005: 45 m.kr.

2006: 207 m.kr.

2007: 621 m.kr.

2008: 673 m.kr.

Vegarkafliinn nær frá Eyrarhlíð í Ísafirði, yfir Reykjarfjörð, yfir Mjóafjörð um Hrótey og slitlagsenda utan Hörtnár, alls 28,3 km.

Kafliinn sem nú var boðinn út er 3,6 km langur. Hann hefur

Framhald í opnu

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 23. tbl. 13. árg. nr. 412 5. sept. 2005

Ritstjórn og umsjón útgáfu:

Víktor Arnar

Ingólfsson

Ábyrgðarmaður:

Gunnar Gunnarsson

Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:

Vegagerðin

Framkvæmdafréttir

Borgartúni 7

105 Reykjavík

(bréfsími 522 1109)

eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsfrankvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldlaus.



Framhald af forsiðu

reynst sérstaklega erfiður vegna lítills burðarpóls á þáartíma og hefur þurft mikið viðhald. Einnig eru nokkrir staðir sem safna miklum snjó.


Saga Djúpvegar


Djúpvegur, þá úr Þorskafjarðarbotni, um Þorskafjarðarheiði og Ísafjarðardjúp til Bolungarvíkur var formlega tekinn í notkun haustið 1975. Á árinu 1987 opnaðist leiðin um Steingrímsfjarðarheiði og liggur Djúpvegur nú um Strandasýslu að Brú í Hrutafirði.

Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst að uppbyggingu og styrkingu Djúpvegar þannig að nú þarf ekki að beita þungatakmörkunum á þáartíma nema á kaflanum um Eyrarfjall. Snjór er hreinsaður af veginum sex daga vikunnar.

Endurnýjun Djúpvegar

Framkvæmdin er liður í að framfylgja samþykktum Alþingis í langtímaáætlun um vegagerð frá 1998. Þær miðuðust við að ljúka heilsársvegi milli Hólmavíkur og Skutulsfjarðar eigi síðar en 2006. Í stórum dráttum má segja að staðið hafi verið við þessa





Brú yfir Mjóafjörð. Tölvumynd: Línuhönnun hf.

áætlun þótt lokahnykkurinn verði ekki fyrr en 2008. Við gerð langtímaáætlunar var einkum litið til þess að nú eru gerðar þær kröfur að vegir með fullu burðarþoli og bundnu slitlagi tengi öll stærri þéttbýli landsins. Þá þarf að tengja betur saman nálæga þéttbýlisstaði til að auka samvinnu og samnýtingu. Vaxandi ferðaþjónusta gerir það æskilegt að bundið slitlag sé lagt á fjölförnu leiðir og kröfur aukast um bætt umferðaröryggi.

Nú er unnið að hönnun brúarinnar og hefur verið ákveðið að byggð verði bogabru eins og myndirnir hér að ofan og á forsiðunni sýna. Fjarlægð milli ásetupunkta verður um 100 m.


Eyrrahlíð - Hörtná, mat á umhverfisáhrifum

Við mat á umhverfisáhrifum voru einkum bornar saman leiðirnar um Eyrrarfjall og þverun Mjóafjarðar um Hrótey. Að mati Vegagerðarinnar var þverunin afgerandi betri kostur. Skipulagsstofnun féllst á framkvæmdina með skilyrðum í desember 2003 og var sú niðurstaða kærð til umhverfisráðherra sem staðfesti úrskurðinn í júlí 2004.

Brú á Mjóafjörð

Fylling verður lögð yfir sundið vestanmegin við Hrótey en sundið austanmegin, 90-95 m, verður brúað. Sundinu að vestanverðu verður líklega lokað áður en brúin verður byggð. Það þýðir að straumar í austursundinu verða mjög miklir og illmögulegt að vinna í sjó. Því þarf að reisa brúna að mestu frá landi.

Vegurinn verður í vegflokki C2 með 6 m breiðri akbraut. Samkvæmt tillögu að vegstaðli verður akbrautarbreidd á brú 7 m og heildarbreidd 8 m.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
05-050 Norðausturvegur (85) um Laxá hjá Laxamýri, veltenging	06
05-061 Hafnavegur (44) um Hafnir	05
05-035 Héðinsfjarðargöng	05
05-047 Hringvegur (1), Arnórsstaðamúli	05
05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur - Dalbraut (færsla Sæbrautar)	05
05-039 Suðurstrandarvegur (427), veltenging við Þorlákshöfn	05
05-041 Sólheimavegur (354), Eyvík - Sólheimar	05
05-054 Þverárfjallsvegur (744), Kallá - Sauðárkrókur	05
05-046 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	05
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði	05
05-053 Vestfjarðavegur (60) um Svinadal	05
05-044 Norðausturvegur (85), Arnarstaðir - Kópasker	05
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakríki, eftirlit	05
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakríki	05
05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði	05
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósaboarna	05
05-037 Krísuvíkurvegur (42), Hraunhella - Hamranes	05
05-036 Nesvegur (425), Reykjanes - Staður	05
05-019 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti	05

Niðurstöður útboða

Djúpvegur (61)

um Svansvík 05-055

Tilboð opnuð 30. ágúst 2005. Ný- og endurlögn Djúpvegur á um 3,6 km kafla frá Svansvík að Rauðagarði auk lagfæringa á vegamótum Vatnsfjarðavegar (633) og Reykjanesvegur (634).

Helstu magntölur eru:

Bergskering	35.400 m ³
Fylling og fláafleygar	45.400 m ³
Neðra burðarlag	16.000 m ³
Efra burðarlag	6.000 m ³
Tvöföld klæðing	26.400 m ²
Frágangur fláa	68.500 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. október 2006

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
3	Fjörður ehf., Varmahlíð	105.907.600	142,6	42.544
2	Fylling ehf., Hólmavík	76.756.000	103,3	13.393
—	Áætlaður verktakakostnaður	74.274.900	100,0	10.912
1	KNH, Ísafirði	63.363.330	85,3	0

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
00-062 Vestfjarðavegur (60), um Laxá og Naðurdalsá	05.09.05	20.09.05
05-042 Þingskálavegur (268), ræsi	29.09.05	13.09.05
00-060 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur, eftirlit	29.08.05	13.09.05
05-056 Strandavegur (643), Illaholt - Blæja	22.08.05	06.09.05
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	15.08.05	06.09.05
05-034 Vestmannaeyjaferja 2006-2010	02.08.05	06.09.05
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
05-059 Heiðmerkurvegur (408), malbikun 2005	15.08.05	30.08.05
05-055 Djúpvegur (61) um Svansvík	15.08.05	30.08.05
05-057 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Siglufjörður 2005 - 2008	02.08.05	16.08.05
05-048 Hlíðarvegur (917) um Laxá hjá Fossvöllum	02.08.05	16.08.05
05-045 Kísilvegur (87), slitlagsendi á Grímsstaðaheiði - Geitafellsá, 1. áfangi	02.08.05	16.08.05
05-051 Vatnsnesvegur (711), Ósar - Hólaá	18.07.05	02.08.05
05-049 Upphéraðsvegur (931) um Ormarsstaðaá	18.07.05	02.08.05

Heiðmerkurvegur (408), malbik 2005

05-059

Tilboð opnuð 30. ágúst 2005. Malbikun á um 4 km löngum kafla á Heiðmerkurvegi austan Vífilstaðahlíðar.

Helstu magntölur eru:

Stungumalbik Y16, yfirlag á mól: 24.000 m²
Verki skal að fullu lokið 1. október 2005.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
4	Loftorka Reykjavík	30.980.000	102,5	6.236
—	Áætlaður verktakakostnaður	30.216.000	100,0	5.472
3	Malbik og völtun	27.240.000	90,2	2.496
2	Höfði hf.	26.138.400	86,5	1.394
1	Malbikunarstöðin Hlaðbær - Colas	24.744.000	81,9	0

Leiðrétting

Í síðasta tölublaði (22. tbl.) misritaðist vegnúmer Þingskálavegar (268) í fyrirsögn á útboðsauglýsingu. Rétt númer er í meginmáli.